

Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Vigdísarholts vegna hjúkrunarheimilinna Sunnuhlíðar Kópavogi, Seltjarnar Seltjarnarnesi og Skjólgarðs Höfn í Hornafirði

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Vigdísarholt hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV).

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa á hjúkrunarheimilum sem Vigdísarholt rekur og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

2. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum hjúkrunarheimila Vigdísarholts.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til áhrifa á framgang í starfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Vigdísarholts.

3. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum og starfaflokkun má finna í viðauka 1 með samningi þessum.

	01.09.2020	01.09.2021
Starfsheiti	lfl.	lfl.
• Hjúkrunarfræðingur 1	5	6
• Hjúkrunarfræðingur 2	6	7
• Hjúkrunarfræðingur 3	7	8
• Hjúkrunarfræðingur 4	9	9
• Hjúkrunarfræðingur á næturvöktum, samkvæmt gr. 4.5	9-1	9-1
• Aðstoðardeildarstjóri	10-1	10-1
• Hjúkrunardeildarstjóri	12-1	12-1

Ofangreind launaröðun er grunnröðun. Hjúkrunarfræðingur getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. og 5.grein.

4. Mat persónubundnum þáttum

4.1 Viðbótarmenntun

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 15 einingar / 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómapróf, 30 einingar / 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	6 þrep

Hækkunir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

4.2 Símenntun

Námskeið og fagraðstefnur	80 klst.	1 þrep
Námskeið og fagraðstefnur	160 klst.	1 þrep

Samtals 2 þrep

Einungis eru metin námskeið sem talin eru nýtast í starfi og hafa verið sótt á sl. tíu árum.

4.3 Starfsreynsla í hjúkrun eftir útskrift

Eftir 8 ár í starfi	1 þrep
Eftir 10 ár í starfi	1 þrep
Eftir 15 ár í starfi	1 þrep
Samtals	3 þrep

4.4 Hollusta við stofnun

Eftir 5 ár í starfi	1 þrep
Eftir 7 ár í starfi	1 þrep

4.5 Næturvakt

Hjúkrunarfræðingur í starfsheitum 1-4 sem vinnur 50% starf eða meira að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00-08:00 skal raðast í launaflokk 9-1. Gerður skal sérstaklegur samningur vegna þessa.

4.6 Þrep fyrir hjúkrunarfræðinga sem eru í 83% starfi eða meira

Hjúkrunarfræðingar í starfsheitum 1-4 og aðstoðardeildastjórar sem eru í 83% starfshlutfalli eða meira fá hækkun er nemur einu þrepi. Minnki hjúkrunarfræðingur við sig starfshlutfall niður fyrir 83% viðmið fellur þrepið niður.

4.7 Þrep fyrir hjúkrunarfræðinga sem vinna 52% um kvöld og helgar

Hjúkrunarfræðingar í starfsheitum 1-4 sem vinna 52% eða meira um kvöld og helgar fá hækkun er nemur 1 þrepi. Minnki hjúkrunarfræðingur við sig 52% vinnu um kvöld og helgar þá fellur þrepið niður.

4.8 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

5. Kröfur umfram starfslýsingu

Heimilt er að greiða sérstaka umbun sbr. grein 1.3 í kjarasamningi aðila. Umbunin getur verið vegna sérstakra verkefna eða álags.

5.1 Sérstök verkefni

Framkvæmdastjóra er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing sem er í 50% starfshlutfalli eða meira um að taka að sér sérstök tímabundin verkefni. Hjúkrunarfræðingur getur fengið viðbótarlaunaflokk/a ofan á grunnröðun sína eða önnur laun er starfinu fylgja skv. grein 1.3 í kjarasamningi aðila fyrir umsjón og ábyrgð á sérstökum skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan hefðbundinna starfa. Sérstök verkefni geta staðið yfir að hámarki 12 mánuði í senn.

Verkefni skal skilgreina í tímabundnum samningi þar sem kveðið er á um umfang, kröfur, efnisþætti, árangur og annað sem skiptir máli við vinnslu verkefnisins. Að loknu hinu tiltekna tímabili fellur samningurinn og launaviðbótin sjálfkrafa niður án sérstakrar uppsagnar af hálfu stofnunar nema samningnum hafi verið framlengt.

5.2 Öryggisvaktir / bakvaktir

Hjúkrunarfræðingar á öryggisvakt/bakvakt fyrir aðra deild eða heimili fær greidda 2 tíma í yfirvinnu.

6. Meðferð ágreiningsmála, samstarfsnefnd

Komi upp ágreiningur varðandi röðun í launatöflu eftir stofnanasamningi er hægt að skjóta málinu til samstarfsnefndar.

Í samstarfsnefnd sitja 2 fulltrúar frá Vigdísarholti sem forstjóri tilnefnir og 2 fulltrúar frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem tilnefndir voru til þessa á almennum fundi hjúkrunarfræðinga hvers heimilis fyrir sig eftir að gerð aðalkjarasamnings lauk. Samstarfsnefndinni er ætlað að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt grein 11.3 í aðalkjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn þessi tekur gildi 1. september 2020

Reykjavík 4. nóvember 2021

F.h. Vigdísarholts

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Bókun 1

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra hjúkrunarfræðinga út frá ákvæðum nýs stofnanasamnings. Við endurskoðun launaröðunar út frá stofnanasamningnum verður öllum endurraðað í samræmi við forsendur hans. Endurröðun getur leitt til mismunandi hækkana og í einhverjum tilfellum til sambærilegra kjara og viðkomandi þegar hefur.

Bókun 2

Öllum hjúkrunarfræðingum skal endurraðað samkvæmt stofnanasamningi þessum og gildir launaröðun frá og með gildistöku samningsins. Allir eldri stofnanasamningar milli samningsaðila falla úr gildi.

Viðauki 1 - Skilgreining á starfsheitum

Hjúkrunarfræðingur 1

Hjúkrunarfræðingur sem er í aðlögun hjá reyndum hjúkrunarfræðingi og tekur ekki sjálfstæðar vaktir.

Hjúkrunarfræðingur 2

Nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur. Tekur sjálfstæðar vaktir á deild.

Hjúkrunarfræðingur 3

Hjúkrunarfræðingur með meira en eins árs starfsreynslu. Getur tekið sjálfstæðar vaktir og er kominn vel á veg í starfi. Stjórnar, skipuleggur og framkvæmir verkefni. Skipuleggur störf annarra.

Hjúkrunarfræðingur 4

Hjúkrunarfræðingur sem er fær í starfi með meira en þriggja ára starfsreynslu sem hjúkrunarfræðingur. Stjórnar, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð. Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki og eða skipuleggur störf annarra. Tekur virkan þátt í starfsþróun á sinni starfseiningu. Tekur þátt í gæðastarfi, vinnur m.a. við RAI mat. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda

Aðstoðardeildastjóri

Launaður staðgengill deildarstjóra auk þess sem að hann sinnir almennum störfum hjúkrunarfræðings. Hefur færni til að sinna öllum verkefnum og ábyrgð deildarstjóra.

Hjúkrunardeildarstjóri

Fagleg og rekstrarleg stjórnun starfseiningar. Hjúkrunardeildarstjóri ber ábyrgð á þeirri hjúkrun og þjónustu sem er veitt á starfseiningu, gæðastarfi, mönnun og skipulagi vakta og að viðvera starfamanna sé rétt skráð í Vinnustund.